

## Móttaka erlendra nemenda í Sandgerðisskóla

### Skráning í skólann, fyrsti fundur

#### Þeir sem eru viðstaddir eru:

- Túlkur (ef á þarf að halda).
- Hjúkrunarfræðingur (ef nemandi er nýkominn til landsins)
- Umsjónarkennarar.
- Skólastjórnandi.
- Verkefnastjóri Þjóðgarðs
- Við upphaf eða lok þessa fundar er farin skoðunarferð um skólann og tengdar byggingar.

#### Það sem skólinn þarf að vita:

- Tungumál, greiningarskjöl, skólasögu, framgöngu í námi, heilbrigðisvottorð (ef nemandi er nýkominn til landsins).

#### Það sem foreldrar þurfa að vita:

- Skólareglur
- Hvernig tilkynningum varðandi veikindi og leyfi er háttað.
- Upplýsingar um Mentor og fá aðgangsorð.
- Hvernig skólinn miðlar upplýsingum t.d. á Mentor, heimasíðu og Facebook.
- Upplýsingar um skóladagatal, stundatöflu, umsjónarþekk, námsbækur og námsgögn.
- Upplýsingar um hvar er hægt að nálgast gögn og áætlun uppeldi til ábyrgðar.
- Upplýsingar um sund- og íþróttakennslu og kennslu í list- og verkgreinum.
- Hvernig skipulag kennslu á verkvali og valgreinum er háttað.
- Upplýsingar um ýmsar skólahefðir, t.d. ferðir á vegum skólans, jól, árshátíð og fleira.
- Fyrirkomulag heimanáms, matamála og frímínútna (klæðnaður eftir veðri).
- Upplýsingar um stoðþjónustu skólans (garðarnir, stoðþjónusta, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðiþjónusta, námsráðgjöf, nemendaráðgjöf).
- Upplýsingar frá Skólaseli og eftirskólaúrræði fyrir nemendur með fatlanir.
- Það helsta um félagslíf og tómsundastarf [fristundir.is](http://fristundir.is).
- Allar almennar upplýsingar sem sendar eru heim m.a. um ferðir, myndatökur og lús í bekk (að á vef fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur eru til bæklingar um ýmis svona mál á mismunandi tungumálum).

#### Samvinna umsjónarkennara og kennara í íslensku sem öðru tungumáli:

- Meta stöðu nemandans í íslensku og öðrum tungumálum.
- Útbúa einstaklingsáætlun/námskrá og stundatöflu fyrir nemandann.
- Aðlaga námsefni ef það þarf.
- Ákveða hvernig námsmati skuli háttað.

#### Hlutverk umsjónarkennara:

- Að undirbúa bekkjarfélag undir komu nýja nemandans m.a. með því að skipuleggja vinateymi og að nemendur skiptist á að fylgja nýja nemandanum yfir daginn.
- Hafa góða yfirsýn yfir námsframvindu nemandans.
- Vera í góðu sambandi við heimilið og sjá um upplýsingagjöf frá skólanum.



Sandgerðisskóli

vöxtur - virðing - vilji - vinátta

- Vera í sambandi við kennara í íslensku sem öðru tungumáli varðandi aðstoð og ráðleggingar ef við á.
- Huga að félagslegri tengingu nemandans í bekknum sem og skólanum.

#### **Hlutverk skólastjórnenda:**

- Vera í sambandi við umsjónarkennara og kennara í íslensku sem öðru tungumáli .
- Sjá um að nemandi fái aðstoð í íslensku.
- Sækja um undanþágur, frávík og túlka í samræmdum prófum.
- Sækja um túlka.
- Sækja um framlag úr jöfnunarsjóði.

#### **Hlutverk verkefnastjóra í íslensku sem öðru máli:**

- Vinna með umsjónarkennara og deildarstjóra stoðþjónustu.
- Styðja nemandu eftir þörfum við nám í öðrum greinum en íslensku.
- Vera nemandanum til halds og trausts.
- Sækja um framlag úr jöfnunarsjóði.